

L Ö G

43

19. júní

um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórnir framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vitaríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði að fengnum tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

43

19. júní

7. gr.

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um byggingu víta og sjómerkja.

8. gr.

Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu víta þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

9. gr.

Ráðherra lætur reisa víta þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósvíti
– Borgareyjum	—
– Rauðanesi	—
– Hjörtsey á Mýrum	—
– Búðarhrauni	—
– Stórfiskaskeri við Hagabót	—
– Bjargtöngum	stækkun ljósvíta
– —	radioviti
– Vatneyri við Patreksfjörð	ljósvíti
– Álftamýri við Arnarfjörð	—
– Þingeyri við Dýrafjörð	—
– Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
– Flateyri við Önundarfjörð	—
– Galti í Önundarfirði	radioviti
– —	hljóðviti
– Óshólum í Bolungavík	ljósvíti
– Æðey	—
– Sléttaeyri í Jökulfjörðum	—
– Aðalvík	—
– Hornbjargi	radioviti
– —	hljóðviti
– Munaðarnesi	ljósvíti
– Krossnesi	—
– Kaldrananesi	—
– Kjörseyri við Hrútafjörð	—

Á Ánastaðabökkum	ljósviti
– Skagaströnd	—
– Kálfshamarsnesi	stækkun ljósvita
– Skagatá	stækkun —
– Reykjadisk á Skagafirði	ljósviti
– Hegranesi	—
– Straumnesi eða Málmey	—
– Sauðnesi við Siglufjörð	—
– — — —	hljóðviti
– Siglunesi	radioviti
– Grímsey	ljósviti
– Húsavíkurhöfða	—
– Snartastöðum	—
– Hjálmarsnesi við Þistilfjörð	—
– Svínalækjartanga	—
– Langanesi	stækkun ljósvita
– —	radioviti
– —	hljóðviti
– Digranesi	ljósviti
– Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
– Glettinganesi	hljóðviti
– Hellisnesi við Norðfjörð	ljósviti
– Grímutanga við Reyðarfjörð	—
– Selnesi	—
– Seley	—
– —	radioviti
– —	hljóðviti
– Hvalsnesi	ljósviti
– Stokknesi	radioviti
– Hestgerði	ljósviti
– Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
– Stórhöfða	—
– Faxaskeri	ljósviti
– Loftstaðahól	—
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
– Reykjanesi	radioviti
– —	hljóðviti
– Gróttu	radioviti
– —	hljóðviti

43

19. júní

10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr., skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum vitamálastjóra.

43 Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita
19. júní þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

44

19. júní

L Ö G

um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar islenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúar-mánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.
- b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra.